

Ed.

404. Breytingartillögur

við frv. til laga um æskulýðshöll í Reykjavík.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Þriggja manna nefnd skal standa fyrir byggingu æskulýðshallar. Skulu tveir þeirra kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn þriðji tilnefndur af ríkisstjórninni. Varamenn í nefndinni skulu vera jafnmargir og með sama hætti til komnir. Byggingarnefnd skal í starfi sínu styðjast við tillögur fulltrúaráðs, sem æskulýðsfélögin í Reykjavík mynda þannig, að þau kjósa einn fulltrúa hvert í ráðið. Samþykki kennslumálaráðherra o. s. frv.

2. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Með sama hætti sem í 2. gr. segir skal setja þriggja manna nefnd, er standa skal fyrir rekstri æskulýðshallar, og skal hún í starfi sínu styðjast við tillögur fulltrúaráðs æskulýðsfélaganna í Reykjavík á sama hátt og segir í 2. gr. Nefndin ræður forstjóra o. s. frv.